

**IS**

**IS**

**IS**



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...  
C

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

**frá [...]**

**um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við starfrækslu tómsundaflugs og sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... um ítarlegar reglur fyrir starfrækslu loftfara í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008**

Tillaga að

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...**

**frá [...]**

**um tæknilegar kröfur og stjórnsýslu ferla í tengslum við starfrækslu tómsundaflugs og sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../.... um ítarlegar reglur fyrir starfrækslu loftfara í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB<sup>1</sup>, einkum gr. 8(5),

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Flugrekendur og starfslið er tengist starfrækslu ákveðinna loftfara verða að uppfylla viðeigandi grundvallarkröfur sem lýst er í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu flugrekendur sem stunda tómsundaflug á flóknum vélknúnum loftförum, nema kveðið sé á um annað í útfærslureglunum, lýsa yfir getu sinni og aðferðum til að uppfylla skyldur er fylgja starfrækslu þeirra loftfara.
- (3) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 krefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að taka upp nauðsynlegar útfærslureglur til að skapa skilyrði fyrir öruggan rekstur loftfara. Reglugerð (EB) nr. .../... stofnsetti þessar útfærslureglur fyrir starfrækslu flutningaflugs.
- (4) Núverandi reglugerð breytir því reglugerð (EB) nr. .../... svo hún innihaldi tiltekna þætti er tengjast starfrækslu tómsundaflugs.
- (5) Til að tryggja hnökralaus umskipti og hátt, samræmt öryggisstig í almenningsflugi innan Evrópusambandsins, ættu útfærslureglur að endurspeglu nýjustu tækni, þar á meðal viðurkennt verklag, og vísindalegar og tæknilegar framfarir á sviði flugreksturs. Því ætti að íhuga tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferli sem samþykkt eru á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (e. International Civil Aviation Organisation, hér eftir nefnd "ICAO") og Flugöryggissamtaka Evrópu (e. European Joint Aviation, hér eftir nefnd "JAA") fram til 30. júní 2009, sem og núgildandi lög er tengjast umhverfi í einstökum löndum.
- (6) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkjanna nægilegan tíma til þess að aðlagast sig að hinum nýja stjórnsýsluramma.

---

<sup>1</sup> Stjórnartíðindi Evrópu L 79, 13.3.2008, bls.1.

- (7) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd "Stofnunin") útbjó tillögur að útfærslureglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (8) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

#### SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

##### *Grein 1*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../.... er breytt sem hér segir:

1. Í grein 1(1), skal "og tómsundaflug á flugvélum, þyrlum, loftbelgjum og sviffflugum" felld inn í á eftir "flutningaflug á flugvélum og þyrlum".
2. Í grein 1 skal málsgrein 3 leyst af hólmi með eftirfarandi:

“3. Þessi reglugerð kveður einnig á um ítarlegur reglur fyrir tómsundaflug og skilyrði og verklag fyrir yfirlýsingu af og fyrir umsjón flugrekenda í tómsundaflugi á flóknum vélknúnum loftförum.”
3. Í grein 1 skal nýrri málsgrein 4 bætt við:

“4. Önnur starfræksla loftfara, þar á meðal starfræksla þar sem loftfar er notað í ýmis sérhæfð verkefni eða þjónustu, skal áfram framkvæmd í samræmi við viðkomandi landslöggið þar til tengdar útfærslureglur eru lögleiddar og taka gildi.”
4. Í grein 5(3) skal fyrsta setningin 3 leyst af hólmi með eftirfarandi:

“3. Án skerðingar á málsgreinum 1, 2, 8, 9 og 10, skulu flugrekendur einnig uppfylla viðeigandi ákvæði í viðauka V við reglugerð (EB) .../.... þegar þeir starfrækja:”
5. Í grein 5(3)(b), skal "flugvélar og þyrlur" leyst af hólmi með "flugvélar, þyrlur, loftbelgir og sviffflugur".
6. Í 5. gr., skal eftirfarandi atriði bætt við:

“8. Flugrekendur flókinna vélknúinna flugvéla og þyrlna í tómsundaflugi skulu lýsa yfir getu sinni og aðferðum við að inna af hendi skyldur sínar er tengjast starfrækslu loftfara og skulu starfrækja loftför sín í samræmi við þau ákvæði sem tilgreind eru í viðauka III í reglugerð (EB) .../.... og viðauka VI eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

9. Flugrekendur annarra en flókinna vélknúinna flugvéla og þyrlna, sem og loftbelgja og sviffflugna, í tómsundaflugi skulu starfrækja loftfarið í samræmi við þau ákvæði sem tilgreind eru í viðauka VII eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

10. Með undanþágu frá málsgreinum 1., 8. og 9., skulu þjálfunarstofnanir sem samþykktar eru samkvæmt reglugerð (EB) .../.... og standa fyrir flugþjálfun, starfrækja:

  - (a) flóknar vélknúnar flugvélar og þyrlur samkvæmt þeim ákvæðum sem tilgreind eru í viðauka VI við þessa reglugerð;
  - (b) aðrar en flóknar vélknúnar flugvélar og þyrlur, sem og loftbelgi og sviffflugur, samkvæmt þeim ákvæðum sem tilgreind eru í viðauka VII við þessa reglugerð;”
  7. Í grein 7 skal núverandi málsgrein merkt með 1. Orðunum "fyrir CAT starfrækslu flugvélar" skal bætt við eftir "reglugerð (EBE) nr. 3922/91". Nýrri málsgrein 2 skal bætt við:

“2. CAT starfræksla á þyrlum og tómsundaflug á flóknum vélknúnum flugvélum og þyrlum skal áfram fara fram samkvæmt viðeigandi landslöggjöf um flugtímatáknir þar til tengdar útfærslureglur eru lögleiddar og taka gildi.”

8. Í grein 9(3), skulu orðin "málgrein 2" leyst af hólmi með "málgreinar 2 og 4".
9. Í 9. gr. skal eftirfarandi málgrein felld inn í:
  - “4. Með undanþágu frá málgrein 1, geta aðildarríki kosið að beita ekki:
    - (a) ákvæðum viðauka III við reglugerð (EB) .../... í tómsundaflugi á flóknum vélknúnum flugvélum og þyrlum þar til [2 árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar]; og
    - (b) ákvæðum viðauka V, VI og VII í tómsundaflugi á flugvélum, þyrlum, svifflugum og loftbelgjum þar til [2 árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar].”
10. Eftirfarandi skilgreiningar eru felldar inn í málgrein 1 í viðauka I:
  - "Aðflugsverklag með lóðléttri leiðsögn (e. approach procedure with vertical guidance, APV) tákna blindaðflug sem notast við hliðlæga og lóðréttu stýringu, en uppfyllir ekki kröfurnar sem kveðið er á um fyrir nákvæmnisaðflug og landingu, með ákvörðunarhæð (e. decision height, DH) sem er ekki minni en 250 fet og flugbrautarskyggni (e. runway visual range, RVR) sem er ekki undir 600 m.
  - 'Flugvöllur sem veðurskilyrði leyfa notkun á' tákna viðunandi flugvöll þar sem, í þann tíma sem fyrirséð notkun stendur yfir, veðurupplýsingar eða -spár, eða samsetning þeirra, gefa til kynna að veðurskilyrði verði þau sömu eða betri en tilskilin rekstrarlágmörk flugvallarins segja til um, og skilyrði á yfirborði flugbrautar gefa til kynna að örugg landing sé möguleg."
11. Nýir viðaukar VI og VII, eins og kveðið er á um í viðaukunum við þessa reglugerð, skulu felldir inn.

## *Grein 2*

### *Gildistaka*

Reglugerð þessi skal öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún skal öðlast gildi frá og með [deginum eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins].

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, [...]

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*  
*[...]*  
*Forsetinn*